

# SINTRA FRÉTTIR

FRÉTTABRÉF nr. 2

Júní 2021

## Verkefnið

**SINTRA - Að ná fram sjálfbærni í gegnum innri nýsköpun (Achieving Sustainability through INTRAprenurship)** er 24 mánaða Erasmus+ verkefni (KA2: Strategic Partnerships for adult education) sem ætlað er að þróa samþættan stuðning sem sniðinn er að þörfum fyrirtækja og stofnana sem vilja auka færni starfsfólks og stjórnenda í innri nýsköpun. Allt í þeim tilgangi að auka sjálfbærni.

### Í þessu fréttabréfi

- Fréttir af verkefninu
- Kynningarviðburðir

## Aðilar verkefnisins

- ⇒ **Verkefnastjóri:** Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi — [www.simenntun.is](http://www.simenntun.is)
- ⇒ APOPSI Information Technology, Consulting and Training Services S.A, Grikklandi — [www.apopsi.gr](http://www.apopsi.gr)
- ⇒ Creatrix ehf, Íslandi — [www.creatrix.is](http://www.creatrix.is)
- ⇒ Dialogue Diversity Unipessoal Lda, Portúgal — [www.dialogue-diversity.pt](http://www.dialogue-diversity.pt)
- ⇒ VE-GO-RA, Króatíu — [www.vegora.hr](http://www.vegora.hr)
- ⇒ YSBF Youth in Science and Business Foundation, Eistlandi — [www.ysbf.org](http://www.ysbf.org)
- ⇒ Tora Consult Ltd., Búlgariu — [www.toraconsult.com](http://www.toraconsult.com)

## MARKHÓPAR

*Markhópar verkefnisins eru starfsfólk og stjórnendur í einkageiranum og hjá hinu opinbera sem hafa áhuga á að auka sjálfbærni á sínum vinnustað með innri nýsköpun.*

[sintraproject.eu](http://sintraproject.eu)

[facebook.com/sintraproject.eu](https://facebook.com/sintraproject.eu)



Co-funded by the  
Erasmus+ Programme  
of the European Union

# Fréttir af verkefninu

## Niðurstöður úr verkþætti 1 “Fyrirmyndar verkefni og þarfagreining”

SINTRA hópurinn skilaði af sér landsgreiningum á fyrirmyndar verkefnum og þarfagreiningum sem voru settar fram í skýrslu fyrir hvert og eitt af þáttökulöndunum. Þetta var fyrsti hluti af framkvæmd SINTRA verkefnisins sem gekk út á að skoða stöðuna í hverju landi fyrir sig á umhverfislegri, félagslegri og efnahagslegri sjálfbærni. Í fyrsta hluta verkefnisins var unnin rannsókn á aðstæðum varðandi þróun umhverfis-, samfélags- og efnahagslegrar sjálfbærni. Dæmi um vel heppnuð sjálfbærni-verkefni, svokallaðar sólskinssögur voru skoðaðar og áhrif innri nýsköpunar á sjálfbæra þróun voru greind. Í annarri lotu var gerð gloppugreining í hverju landi fyrir sig þar sem vankantar í umhverfi fyrirtækja og stofnana voru greindir og enn fremur hæfni og hugarfar starfsfólks og stjórnenda. Landsskýrslur voru teknar saman í skýrslu sem samstarfsaðilar verkefnisins í Búlgaríu unnu og niðurstöður sem lutu að lausnum á fyrrnefndum vanköntum voru lagðar fram. Lausnirnar snúast að mestu um kortlagningu á þörf fyrir námskeið varðandi sjálfbærni-miðaða innri nýsköpun sem gagnast þarf bæði starfsfólki og stjórnendum.

Hægt er að nálgast allar skýrslur á vefsíðu verkefnisins: <https://sintraproject.eu/results/>

## Innleiðing á verkþætti 2: nýskapandi námsefni og námskeið SINTRA

Vinna er hafin við gerð námsefnis fyrir alla námsþætti verkefnisins. Það byggir á gloppugreiningu, hugarfari innri nýsköpunar starfsfólks og stjórnenda ásamt sólskinssögum sem safnað var í fyrsta hluta verkefnisins. Þegar er búið að greina fjölda tækifæra varðandi námsframboð fyrir markhópa verkefnisins. Verið er að þróa námsþættina og þeir verða loks færðir í samræmt rafrænt form.

1. Skilningur á skipulagsheildum og möguleikum þeirra til aukinnar sjálfbærni

2. Mat á áhrifum innri nýsköpunar á þróun til sjálfbærni.

3. Tækifæri og nýskapandi hugmyndir fyrir þróun til sjálfbærni

4. Mat á eigin getu til að efla sjálfbærni með innri nýsköpun.

5. Kynning eigin hugmynda og samvinna við stjórnendur í sjálfbærni-verkefnum.

6. Stofnun og virkni nýsköpunarteyma til að auka sjálfbærni.




# Fréttir af verkefninu

## Fjarfundir

Vegna COVID-19 samkomutakmarkana hafa samstarfsaðilar ekki náð að hittast. Hinsvegar hafa TEAMS-fundir verið haldnir mánaðarlega í þeim tilgangi að tryggja tæknilegan og fjárhagslegan rekstur verkefnisins. Þar hefur átt sér stað frjó umræða og ákvarðanir hafa verið teknar varðandi næstu skref í verkefninu. Þessir fundir hafa verið mjög mikilvægir í innleiðingu verkþátta, bæði hvað varðar tímasetningar og gæðamál. Enn fremur hefur skapast jákvætt og vinalagt andrúmsloft á fundunum.

Áætlað er að halda þriðja þjófðafundinn, sem raunar verður sá fyrsti þar sem fólk raunverulega hittist, dagana 27. og 28. september í Velika Gorica í Króatíu. VEGORA, einn samstarfsaðilana heldur fundinn.



## Kynningarfundir

Undirbúningur að kynningarfundum verkefnisins er hafinn meðal allra samstarfsaðila. Í Grikklandi hélt APOPSI S.A. sinn fund þann 9. júní síðastliðinn. Fundurinn var haldinn rafrænt á ZOOM þar sem 175 starfsmenn og stjórnendur fyrirtækja, fulltrúar samtaka, opinberra stofnana, skóla og starfsmenntastofnana sóttu hann.

Dialogue Diversity hélt sinn kynningarfund þann 30. júní síðastliðinn í Águeda (iðnaðar- og viðskiptahverfi Aveirohéraðs) í Portúgal. Þátttakendur voru 30 talsins og komu þeir úr fyrirtækjum, fullorðinsfræðslu, starfsmenntastofnunum, háskólum og skólum.

Í Búlgaríu var kynningarfundurinn haldinn þann 28. júní á TEAMS. Þátttakendur voru 31 talsins og þeir komu úr ýmsum geirum, svo sem atvinnu- og iðnaðarráðuneytinu, frá félagasamtökum, menntastofnunum og fleirum. Eftir kynningar á þeim niðurstöðum sem þegar eru komnar í verkefninu var rætt um tækifæri til sjálfbærrar þróunar í Búlgaríu og möguleikann á innri nýsköpun í umhverfis-, efnahags- og samfélagslegri sjálfbærni.

Kynningarfundir í öðrum þátttökuríkjum verða haldnir á næstu mánuðum.

